

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Sjóð fermingarbarna í Sauðlauksdalsprestakalli, útgefin að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra, 5. sept. 1923. Skipulagsskráin er þannig: 64

Við undirrituð hjón, Magdalena Jónasdóttir og Þorvaldur prestur Jakobsson, fyrverandi í Sauðlauksdal í Barðastrandarsýslu,

Gjörum kunnugt: Að við höfum ákveðið að stofna sjerstakan sjóð af síðara helmingi fjár þess, er sveitungar okkar í Sauðlauksdalsprestakalli afhentu okkur að gjöf vorið 1920.

Skipulag sjóðsins er á þessa leið:

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Sjóður fermingarbarna í Sauðlauksdalsprestakalli.“

2. gr.

Stofnfje sjóðsins er upphaflega 1000 — eitt þúsund — krónur, en er nú með vöxtum orðið um 1148.00 krónur.

3. gr.

Sjóðurinn er í umsjá biskupsins yfir Íslandi.

4. gr.

Alt að tveim þriðjungum af ársvöxtum sjóðsins má verja árlega til gjafa handa fermingarbörnum í Sauðlauksdalsprestakalli, einkum bóka eða mynda með áletruðu nafni og fermingardegi barnsins og undirskrift sóknarprestans í Sauðlauksdalsprestakalli. Bækurnar eða myndirnar hvert ár um sig sjeu samkynja og jafnar að verðmæti; ræður biskup vali þeirra í hvert skifti. Útbýting þeirra er miðuð við 16. sept. ár hvert, og er í fyrsta sinn útlutað gjöfum af sjóðnum handa börnum, er fermd voru vorið 1923.

5. gr.

Ef fermingarbörnin eitthvert ár kjósa heldur að láta eitt eða fleiri fátækra fermingarsystkina sinna njóta meginhluta vaxtafjárins, er til skipta átti að koma, er heimilt að útbýta því eftir tillögum fermingarbornanna, enda sje sóknarpresturinn þeim samþykkur.

64

6. gr.

5. sept.

Að frádregnum kostnaði við sjóðinn legst afgangur af ársvöxtum árlega við stofnfje hans.

7. gr.

Breyting á skipulagi sjóðs þessa má gjöra eftir samhljóða tillögum sóknarprests og sóknarnefndar í Sauðlauksdalsprestakalli.

Hafnarfirði, 26. ágúst 1923.

Magdalena Jónasdóttir.

Þorvaldur Jakobsson.

65

4. okt.

REGLUGJÖRÐ

um

um undanþágu frá læknisrannsókn á aðkomuskipum.

Ef aðkomuskip leitar hafnar, þar sem læknir á ekki heima, eða, ef hann á þar heima, er fjarverandi þegar skipið hafnar sig, þá skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans engu að síður leyfa skipinu mök við land, ef skipið hefir ábyggilegt heilbrigðisvottorð og, ef enginn hefir verið veikur á skipinu á leiðinni eða er veikur af sjúkdómi, sem grunsamt þykir um, að kunni að vera smitandi.

Þessi reglugjörð er sett samkvæmt fyrirmælum 1. gr. laga nr. 31, 20. júní 1923, um lækniiskoðun á aðkomuskipum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. okt. 1923.

Sig. Eggerz.

Sigf. M. Johnsen.